
Skjólbeltaúttekt Norðurlandsskóga




Úttekt á skjólbeltum ræktuðum á tímabilinu 2000-2007

Rakel J. Jónsdóttir. Unnið sumarið 2008.

Efnisyfirlit

Markmið	3
Framkvæmd.....	4
Niðurstöður og umræður	8
Magn og ástand skjólbelta milli sýslna	9
Uppbygging skjólbelta	11
Þróun tegundanotkunnar	12
Heildartegundanotkun 2000-2007	13
Umfjöllun um áberandi tegundir.....	15
Tegundasamsetning	17
Skjólbeltaplast	17
Snjógildirur	18
Algengustu orsakir affalla.....	18
Eftirfylgni úttektar	18
Helstu niðurstöður skjólbeltaúttektar.....	19
Þakkir	20

Sumarið 2008 gerði Norðurlandsskógaverkefnið úttekt á öllum skjólbeltum ræktuðum frá upphafi verkefnisins eða frá árinu 2000 til 2007. Heimsóttir voru allir bæir sem tekið hafa þátt í skjólbeltarækt hjá Norðurlandsskógum. Þetta voru 134 bæir í fimm sýslum, Norður- og Suður Þingeyjarsýslum, Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Austur- og Vestur Húnavatnssýslum (mynd 1). Fjöldi skjólbelta sem ástandsmat var gert á er 468. Lengd beltana var samtals um 95 km.



Mynd 1. Dökkgula svæðið sýnir starfssvæði Norðurlandsskóga.

Markmið

Tilgangur verkefnisins var að kanna ástand skjólbeltana og koma á framfæri til ræktanda ábendingum um umhirðu, s.s klippingar, illgresiseyðingu, áburðargjöf eða viðhald girðinga. Einnig hvort bæta þyrfti plöntum inn í beltin ef þau voru nýleg. Hver bær fékk senda skýrslu um ástandið að úttekt lokinni. Reynt var að hitta á ræktendur ef mögulegt var við úttekt til skrafs og ráðagerða.

Einnig var fylgst með hvaða tegundir væru helst að sýna afföll eða standa sig vel á starfssvæði Norðurlandsskóga sem er víðfemt og þar af leiðandi nokkuð breytilegt hvað varðar skilyrði fyrir plöntur. Reynt var að grafast fyrir um ástæður ef skjólbeltaræktunin hafði ekki tekist sem skyldi. Eftirfarandi punktar voru hafðir í huga við úttektina:

- Lifun og vöxtur plantna
- Ástand plasts í nýlegum beltum og fering
- Girðingar
- Illgresi
- Klippingar
- Tegundasamsetning
- Snjósöfnun
- Áburðargjöf
- Virkni skjólbeltisins

Framkvæmd

Til að meta ástand skjólbeltanna var notuð aðferð sem starfsfólk Suðurlandsskóga þróaði við svipaða úttekt árið 2006. Notaðir voru fjórir flokkar til að meta ástand (myndir 2-5).

1. 90 -100 % í lagi.
2. Vöxtur í lagi en, skörð, slappur kafli eða ein léleg tegund, en beltíð virkar þó sem heild.
3. Mörg skörð / léglegur vöxtur og þrif / opið að neðan / hallar mikið – hægt að laga
4. Ónýtt sem skjólbelti þó eitthvað lifi - ekki hægt að laga með góðu móti.



Mynd 2. Skjólbelti í Eyjafirði. Dæmi um skjólbelti í 1. flokk , 90 -100 % í lagi.

Ástandsflokkur 1 (mynd 2) og 2 (mynd 3) gefa til kynna að skjólbeltið sé í lagi þ.e að þau skjólbelti þjóni tilgangi sínum. Skjólbeltin eru á mismunandi aldri, sum það ung að þau eru ekki farin að þjóna tilgangi sínum og þau þá metin út frá lifun.



Mynd 3. Dæmi um flokk 2. Vöxtur í lagi en, skörð, slappur kafli eða ein léleg tegund, en beltíð virkar þó sem heild.

Í flokki 2 (mynd 3) var það oft ein tegund sem var léleg og myndaði þá skörð í beltíð. Í slíkum tilfellum sýnir þetta kost þess að hafa margraða skjólbelti, því þó ein tegund vaxi ekki eins vel og hinar virkar beltíð sem heild og þjónar tilgangi sínum.



Mynd 4. Skjólbelti í flokki 3. Mörg skörð / lélegur vöxtur og þrif / opið að neðan / hallar mikið – hægt að laga

Í flokki 3 (mynd.4) flokkuðust oft belti sem ræktuð eru í rýrum jarðvegi og vöxtur því lítill. Einnig belti sem höfðu orðið fyrir beit búfjárs og voru opin að neðan af þeim sökum. Í einhverjum tilfellum er hægt að laga skörð í skjólbeltunum með því að bæta inní hærri plöntum og einnig er hægt að laga beitarskemmdir með því að klippa beltið vel niður.




Mynd 5. Fjórði flokkur. Ónýtt sem skjólbelti þó eitthvað lifi - ekki hægt að laga með góðu móti.


Flokkur 4 (mynd 5) gefur til kynna að skjólbeltið sé það illa farið að það borgi sig að vinna það upp aftur.

Niðurstöður og umræður

Heildarlengd skjólbelta á svæði Norðurlandsskóga miðað við einfalda röð er 247 km en heildarlengd skjólbelta 94,5 km. Ákveðið var að nota heildarlengd skjólbelta en ekki fjölda skjólbelta sem útgangspunkt skýrslunnar því skjólbeltin eru jú afar misjöfn að lengd. Mynd 6 sýnir skiptingu þessarar 94,5 km milli ástandsflakka. Um 71,9 km fá fyrstu einkunn og 9,2 km fá aðra. Rúmlega 9,8 km frá 3. einkunn og 3,6 km teljast vera ónýtir.



Mynd 6. Skjólbelti Norðurlandsskóga í kílómetrum talið, flokkuð eftir ástandi.



Mynd 7. Hlutfall heildarlengdar skjólbelta í hverjum ástandsflokki


Samkvæmt þessum tölum fóru um 76 % skjólbeltana í 1. flokk, 10 % í annan (mynd. 7). Hlutfall skjólbelta í þriðja flokki er 10 % og aðeins 4 % belta flokkast sem ónýt. Þar sem 1. og 2. ástandsflokkur gefa til kynna að belti séu í lagi má segja að rúmlega 81 km af 95 km séu í góðu ástandi eða 86 % af heildarlengd skjólbelta. Það hlýtur að teljast ásættanleg niðurstaða.

Magn og ástand skjólbelta milli sýslna

Eins og áður segir voru 134 bæir í úttektinni og skiptust þeir misjafnlega milli sýslna (1. tafla)

1. Tafla Yfirlit yfir fjölda bæa, lengd skjólbelta og hlutfall af heildarlengd skjólbelta í hverri sýslu. Einnig hversu margir metrar af skjólbeltum eru ræktaðir að meðaltali á hverjum bæ.


Sýsla	km	Meðaltal á hvern bæ (m)	Hlutfall af heildarlengd %
N-Þing	12	777	13
S-Þing	26	693	27
A-Hún	8	769	8
V-Hún	11	922	12
Skagafj	15	669	16
Eyjafj	22	625	24
Samtals:	94	743	



Mynd 8. Hlutfall af heildarlengd í hverri sýslu.

Lengd skjólbelta er mest í S-Þingeyjarsýslu eða 27 % af heildarlengd skjólbelta í Norðurlandsskógaverkefningu (mynd 8). Þar eru líka flestir bæir sem taka þátt í skjólbeltaverkefningu. Í Eyjafjarðarsýslu eru ræktað 24 % af heildarlengd skjólbelta á 36 bæum. Lengd skjólbelta er 12 % af heildarlengd í V-Húnavatnssýslu og skiptist hún á 12 bæi. Bændur í V-Hún rækta að meðaltali flesta lengdarmetra skjólbelta á hverjum bæ eða 922 m. Bændur í A-Hún eru líka ofan við meðaltal að þessu leyti með 769 lengdarmetra á hvern bæ en í A-Hún eru ræktaðir hlutfallslega fæstir km skjólbelta hjá NLS eða 8 % af heildarlengd. Að meðaltali eru ræktaðir 743 lengdarmetrar af skjólbeltum á hverjum bæ í skjólbeltaverkefningu.

Ástand skjólbelta er hlutfallslega best í A-Húnavatnssýslu með 87 % í 1. flokk (mynd 9). Þar sem fyrsti og annar flokkur teljast belti í lagi má segja að 96 % belta á þessu svæði sé í góðu ástandi. Það vekur athygli að þar flokkast engin belti sem ónýtt, en þar eru líka hlutfallslega færstir lengdarmetrar lagðir út af skjólbeltum (1. tafla).



Mynd 9. Hlutfall lengdar skjólbelta í ástandsflokkum, skipting eftir sýslum.

Á Eyjafjarðarsvæðinu falla um 69 % af lengd skjólbelta í fyrsta flokk. Um 7 % belta þarf að vinna upp aftur.

Í N-Þingeyjarsýslu fer 79 % af lengd skjólbelta í 1. flokk, mjög lítið hlutfall beltanna þarf að vinna upp aftur eða 2 %.

Í Skagafirði fá 73 % af lengd skjólbelta hæstu einkunn. Þar er líka hæsta hlutfall þeirra belta sem þarfnast umhirðu, um 16 %.


Í S-Þingeyjarsýslu fóru 83 % af lengd belta í fyrsta flokk og hlutfall lengdarmetra sem þarf að vinna upp er aðeins 2 %.

V-Húnavatnssýsla kemur verst út hvað varðar fyrsta flokk en 67 % af lengd skjólbeltanna þar fór í fyrsta flokk. Þar er einnig hátt hlutfall skjólbelta í 3. flokki sem eru belti sem þarfnast umhirðu en er þó hægt að laga.

Uppbygging skjólbelta

Hvatt er til þess í skjólbeltarækt Norðurlandsskóga að skjólbeltin séu byggð á fleiri en einni röð. Plönturnar skýla hver annarri og minni hætta er á að skörð myndist í beltinu. Það gefur líka tækifæri á því að nota fleiri tegundir í beltin. Ekki er ráðlagt að byggja skjólbeltin upp á fáum tegundum því mótstaða skjólbeltisins er þá minni fyrir skjúkdómum og meindýrum en þegar áhættunni er dreift á fleiri tegundir. Mjög misjafnt er hve viðkvæmar plöntutegundir eru fyrir slíkum skaðvöldum.


Það fer eftir landplássi og aðstæðum hvers og eins, hve breitt skjólbeltið má vera. Jarðvinnsla fyrir hverja röð í fyrir sig þarf að vera um 2 m á breidd svo jarðvinnslubreidd undir þriggja raða breitt belti er 6-7 m. Þann kost hafa skjólbeltabændur innan NLS í flestum tilfellum valið því hlutfall heildarlengdar skjólbelta með fleiri en eina röð eru 96% (mynd 10). Aðeins um 4 % af heildarlengd skjólbeltanna byggist upp á einni röð. Þriggja raða skjólbelti eru 52 % af heildarlengd.



Mynd 10. *Hlutfall heildarlengdar skjólbelta skipt eftir fjölda raða*

Þróun tegundanotkunnar


Notkun tegunda í skjólbeltarækt Norðurlandsskóga hefur í gegnum árin tekið nokkrum breytingum. Í byrjun verkefnis byggðust skjólbeltin að meirihluta upp á fáum víðitegundum en trjátegundir hafa þó alltaf verið notaðar með. Árið 2001 sem er annað starfsár NLS var alaskavíðir notaður í miklum meirihluta (mynd 11).



Mynd 11. Hlutfall tegunda í heildarnotkun plantna í skjólbelti árið 2001.

Þetta skýrist að stórum hluta af því að aðgengi að öðrum tegundum var erfitt á þessum árum, en það er líka einkum í þeim sýslum sem má búast við lægri sumarhita sem alaskavíðirinn er í notaður mest. Þetta eru A-Hún, V-Hún og N-Þing. Aðrar víðitegundir (táknað með grænni súlu) eru ekki komnar mikið í ræktun á þessum tíma. En það eru tegundir eins og brekkuvíðir, loðvíðir, hreggstaðavíðir, strandavíðir, jörvavíðir, gulvíðir (óskilgreindir klónar) og körfuvíðir. Viðjan er notuð í nokkuð jöfnum hlutföllum yfir sýslurnar og eins trjátegundir. Aðrir runnar eru ekki komnir í notkun árið 2001. Í honum eru aðallega sólber og rifs.


Mikil aukning hefur orðið á notkun annarra víðitegunda á kostnað viðju og alakavíðis síðustu ár (mynd 12). Notkun annarra runna s.s. sólbers, rifs, heggs og yllis hefur aukist í gegnum árin til skjóls, skrauts og nytja.



Mynd 12. Hlutfall tegunda í heildarnotkun plantna í skjólbelti árið 2006.


Heildartegundanotkun 2000-2007

Þegar litið er á heildarnotkun tegunda í skjólbelti á öllu tímabilinu 2000-2007 má sjá að alaskavíðir er 25 % af heildarnotkun. Viðja er 20 % og aðrir runnar 2 %. Undir þann flokk teljast aðallega sólber og rifs en líka yllir og heggur (mynd 13).




Mynd 13. Heildarnotkun tegunda í skjólbelti á tímabilinu 2000-2007.

Ef notkun á flokknum ‘aðrar víðitegundir’ er skoðuð yfir árin 2000- 2007 sést að óskilgreindir gulvíðiklónar hafa verið notaðir mikið í byrjun tímabilsins en það dregur úr notkun þeirra jafnt og þétt (mynd 14). Hlutfall brekkuvíðis hefur verið nokkuð jafnt í gegnum árin en mikil aukning hefur orðið í notkun hreggstaðavíðis.



Mynd 14. Hlutfallsleg notkun víðitegunda í flokknum ‘aðrar víðitegundir’ á tímabilinu 2000-2007.

Þegar heildarnotkun trjátegunda yfir tímabilið 2000-2007 er skoðuð kemur í ljós að ösp er í miklum meirihluta (mynd 15). Reynir, greni, lerki og birki eru með um 13 % hlut. Í gegnum árin hefur verið erfitt að fá reyni og þess vegna er hlutfall hans lægra en ella.



Mynd 15. Hlutfallsleg notkun trjátegunda í skjólbelti á tímabilinu 2000-2007.

Umfjöllun um áberandi tegundir

Alaskavíðir. Af þeim alaskavíðiklónum sem eru í notkun hefur klónninn ‘Gústa’ eða brúnn alaskavíðir nær eingöngu verið notaður á svæði NLS. Í elstu beltum er hann nokkuð víða farin að falla. Bændum var ráðlagt að klippa slík belti niður í 20 – 30 cm hæð til þess að endurnýja þau. Þegar beltin vaxa svo upp aftur verður að gæta að því að klippa vel úr hliðum beltanna. Það hefur komið í ljós hjá þeim bændum sem best hirða beltin sín að klippi þeir úr hliðum alaskavíðisins klofnar hann síður við rót. Með því að létta á þunga hliðargreina með þessum hætti þarf sjaldnar að endurnýja beltið með stórfeldri klippingu.

Alaskavíðirinn hefur bæði kosti og galla sem skjólbeltaplanta. Þar sem vaxtarskilyrði eru mjög góð vex hann hratt og mikið á hverju sumri. Hann gerist þá fljótt ágengur þar sem hann stendur í röðum með öðrum tegundum en getur líka vaxið yfir plöntur í næstu röðum. Því hefur verið tekin sú ákvörðun að draga úr notkun tegundarinnar þar sem vaxtarskilyrði eru hvað best á svæði Norðurlandsskóga.

Í stað alaskavíðisins er hentugra að nota viðju. Hún er ekki eins plássfrek og fellur ekki á rót eins og alaskavíðirinn. Einnig er ástæða til að haga tegundasamsetningu þannig að alaskavíði sé haldið sér í röðum sé hann settur í skjólbelti á annað borð. Hann er það hraðvaxta að fáar tegundir ná að halda í við hann í vexti og eiga á hættu að verða undir í samkeppni leggi ræktandi ekki í þá vinnu að klippa víðinn frá þeim tegundum sem standa með honum. Dæmi eru til um 6-7 ára skjólbelti í Eyjafirði þar sem alaskavíðir og alaskösp hafa verið sett saman í raðir og alaskavíðirinn er að skyggja út öspina (mynd 16).



Mynd 16. Bergsveinn Þórsson, starfsmaður NLS, stendur við ösp í 7 ára gömlu skjólbelti í Eyjafirði. Nauðsynlegt er að klippa víðinn frá öspinni til þess að hún dafni og náí að verða það háskjól sem henni er ætlað.

Á svæðum sem hafa lakari vaxtarskilyrði verður þessi tegund áfram notuð til að byggja upp fyrsta skjól en ástæða er til að hafa í huga að alaskavíðirinn verði aldrei notaður eingöngu í skjólbelti heldur hafi hann það hlutverk að skýla öðrum heppilegri tegundum í skjólbeltum með fleiri en eina röð.

Viðja. Stefnt er að því að auka hlutfall viðju í skjólbeltum á kostnað alaskavíðis. Hún fellur ekki á rót líkt og alaskavíðir og er því mun endingarbetri. Einhver klónamunur er í þessari tegund og nauðsynlegt að vera vakandi fyrir viðjuklón sem hentar vel á svæðum með erfið vaxtarskilyrði.

Jörvavíðir er tegund sem vex vel á öllu starfssvæði NLS. Hann virðist kala töluvert og hann er einnig mjög grófgerður. Greinir sig lítið þó hann sé klipptur. Nauðsynlegt er að fylgjast með mismun milli klóna í framtíðinni til að finna hentugan klón. Klóninn ‘Katla‘ hefur mest verið notaður hjá NLS.

Hreggstaðavíðir vex einnig vel á öllu svæði NLS. Sjaldgæft er að sjá í honum kal en það gæti þó aukist á næstu árum því ryðsveppurinn sem herjað hefur á þessa tegund sunnanheiða síðustu misseri fannst bæði í A- og V- Húnavatnssýslum í sumar. Ein afleiðing af ryðinu er mikið kal í plöntum. Samkvæmt sérfræðingum um þessi mál þarf ekki að vera að hreggstaðavíðirinn verði illa úti hér norðanlands þar sem hér er þurrviðrasamara en fyrir sunnan og því ekki eins hagstæð skilyrði fyrir ryðsveppinn. Samt sem áður hefur verið ákveðið að leggja út 2 – 3 tilraunabelti næsta sumar með “bræðrum” hreggstaðavíðisins sem eru aðrir klónar af blendingum milli brekkuvíðis og viðju og eru ekki næstum eins móttækilegir fyrir ryðsveppnum og hreggstaðavíðir. Markmiðið með því er að finna staðgengla hreggstaðavíðis verði hann illa úti af völdum ryðsveppsins á Norðurlandi. Klónarnir sem um ræðir eru Grásteinavíðir og Rökkurvíðir.

Sólber. Ánægjulegt var að sjá hve sólberið virðist vaxa vel hvar sem er á Norðurlandsskógasvæðinu. Plönturnar gefa jafnvel uppskeru aðeins tveimur árum eftir gróðursetningu. Fjöldinn allur af skjólbeltabændum nýtir sér berin til sultu-, hlaup- og bökugerðar.

Greni. Æskilegt er að auka hlutfall langlífra barrviða í skjólbeltunum. Því miður virðist ekki ganga vel að koma þeim tegundum af stað. Ein skýring á afföllum þessara tegunda er hve hægvoxta þær eru og verða oft undir í samkeppni við gras og aðrar tegundir. Það væri þess vegna reynandi að hafa greniplönturnar hærri en þær sem koma úr 40 gata bökkum og gefa þeim með því meira forskot á annan gróður. Ein tilgáta um afföll grenis gróðursett í plast er að síðvetrar þegar sól er farin að skína meira verði varmi frá plastinu til þess að hita barrið á plöntunum. Það kallar á útgufun úr barrnálum en oft á þessum tíma árs er jarðvegurinn frosin og ómögulegt fyrir plönturnar að draga upp vatn í staðinn fyrir það sem gufar út. Það getur valdið plöntum miklum skaða þegar barrnálarnar þorna upp á þennan hátt.

Lerki. Það hefur gefist vel að nota lerki í skjólbelti á rýrum og þurrum svæðum. Þá er samkeppnisgróður líka í lágmarki og oft enginn þörf á jarðvinnslu eða plastlagningu.



Mynd 17. Lerki í skjólbelti með þremur röðum.

Tegundasamsetning

Samsetning tegunda í skjólbeltum hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Samson B. Harðarson hefur unnið að tillögum um tegundir og tegundasamsetningu í skjólbeltum og ætla Norðurlandsskógar í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands að setja upp tilraunabelti á Eyjafjarðarsvæðinu með þeim tegundum og samsetningu sem um ræðir. Einnig er í deiglu að koma upp klónasafni í samstarfi við Yndisgróðurverkefnið sem Samson stendur að.

Skjólbeltaplast

Í úttektinni kom í ljós að skjólbeltaplastið virðist vera afar misjafnt að gæðum. Plast sem lagt hefur verið eftir 2005 virðist verða stökkt og rifna fyrir en það sem áður var lagt. Þetta gerir það að verkum að afföll skjólbeltaplantna vegna samkeppni við gras og annað illgresi aukast og kostnaður við íbætur verður meiri. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðenda er hráefnið í plastið endurvinnanlegt plast og það er misjafnt hver samsetning þess er. Hráefnið inniheldur

t.d mismunandi mikið af þolplasti, en það inniheldur UV-filmu. Ein skýring á lélegri gæðum plastsins eftir árið 2005 er að minna af þolplasti hafi verið notað í skjólbeltaplastið og því

hrökkvi það fyrr í sundur en áður. Þykkt plastsins sem hingað til hefur verið notað er þynnri gerðin af skjólbeltaplastinu sem Plastprent framleiðir. Næsta vor verður skipt yfir í þykkari gerð skjólbeltaplasts hjá NLS.

Snjógildirur

Bændur voru í flestum tilfellum ánægðir með virkni skjólbelta þar sem þau höfðu verið sett upp með það markmið í huga að stýra snjóalögum. Var þá til í dæminu að bændur losnuðu alveg við skaflamyndun á hlaði þar sem mikil snjósöfnun hafði verið fyrir.

Algengustu orsakir affalla

Helstu ástæður affalla má oft rekja til þurrks, frostlyftingar, beitar og lélegs plasts, frágangi þess eða endingu. Oft má sjá að þar sem plastið hefur ekki þjónað hlutverki sínu verða skjólbeltaplöntur undir í samkeppni við gras eða annað illgresi og skörð myndast í skjólbeltið.

Eftirfylgni úttektar

Eftir heimsókn á hvern bæ fékk ræktandi senda heim skýrslu um ástand skjólbelta. Þar fylgdu einnig með ábendingar um umhirðuatriði ef með þurfti. Algengasta ábending til bænda var að fylgja upp trjátegundum í beltum með klippingu. Þ.e klippa víðitegundir frá trjám sem ekki eru eins hraðvaxnar og víðirinn til að minnka samkeppni. Einnig var algengt að bændur þurfi síðsumars að stíga niður gras í kringum plöntur í nýlegum beltum svo grasið kaffæri ekki plönturnar. Þetta er m.a. afleiðing þess hve plastið hefur verið lélegt síðustu ár.

Helstu niðurstöður skjólbeltaúttektar

Um 86 % af heildarlengd skjólbelta á starfssvæði Norðurlandsskóga er í góðu ástandi, falla undir 1. og 2. flokk (Gott og Í lagi). Um 76 % heildarlengdar flokkaðist í 1. flokk og 10 % í 2. flokk. Skjólbelti í 3. flokk (léleg) sem þarfnast umhirðu eru um 10 % af heildarlengd. Um 4 % af heildarlengd skjólbelta flokkast sem ónýt og þarf að vinna upp aftur.

Ástandið á skjólbeltum í A-Húnavatnssýslu er hlutfallslega best. Þar eru 87 % af heildarlengd í 1. flokki. V-Húnavatnssýsla kemur síst út að þessu leyti en þar falla 67 % af heildarlengd skjólbelta í 1. flokk. Að meðaltali flokkast 76 % af heildarlengd skjólbelta í sýslunum sex í 1. flokk.

Heildarlengd skjólbelta (óháð raðafjölda) á starfssvæði Norðurlandsskóga er um 95 km. Flestir lengdarmetrar skjólbelta eru í S-Þingeyjarsýslu (26 km) og í Eyjafjarðarsýslum (22 km), fæstir í A-Húnavatnssýslu (8 km).

Aðeins um 4 % af heildarlengd skjólbeltanna byggist upp á einni röð. Þriggja raða skjólbelti eru 52 % af heildarlengd.

Nauðsynlegt er að huga að endurnýjun eldri alaskavíðibelta með klippingu þar sem hann sýnir mikla tilhneigingu til að falla á rót. Einnig er ákveðið að draga úr notkun þessarar tegundar í skjólbeltum á svæðum með bestu vaxtarskilyrði.

Vegna ryðsvepps í hreggstaðavíði verða sett út tilraunabelti með svipuðum klónum blendinga brekkuvíðis og viðju sem þola ryðsveppinn betur. Markmiðið með því er að finna staðgengla hreggstaðavíðis verði hann illa úti af völdum ryðsveppsins á Norðurlandi.

Gæði skjólbeltaplasts undanfarin ár hafa verið léleg og er því áveðið að skipta yfir í þykkari og vonandi endingarbetri gerð af plastinu.

Þakkir

Starfsfólk Suðurlandsskóga gaf góðfúslegt leyfi til að flokkunarkerfi þeirra væri notað í þessa úttekt, bestu þakkir fyrir.

Í sumar tókst að hitta á fjöldan allan af skjólbeltaræktendum við úttektina og vil ég þakka þeim öllum fyrir lærdómsríkt og skemmtilegt spjall og góðar móttökur.

Unnið fyrir Norðurlandsskóga 2008

Rakel J. Jónsdóttir